

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Inger Erlu Thomsen um aðstoð við einstaklinga sem fengið hafa samþykktu umsókn um fjölskyldusameiningu.

1. *Hvernig hefur aðstoð við einstaklinga, sem fengið hafa samþykktu umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar, til að komast hingað til lands verið háttáð sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum? Í hverju er sú aðstoð fólgin og hefur orðið breyting á aðstoðinni á tímabilinu?*

Almennt er gengið út frá því að einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar komi til landsins á eigin vegum og er aðstoð stjórnvalda við slíkt ferðalag því ekki lögbundin hér á landi.

Að uppfylltum tilteknum skilyrðum geta einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar fengið styrk frá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili og lýtur styrkurinn að kostnaði við flugfargjald til landsins, sbr. 9. gr. leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög um móttökuþjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem gefnar voru út í maí 2014. Í framangreindum reglum er miðað við að veittur sé styrkur sem nemur allt að 75% af heildarkostnaði vegna flugfargjalds til landsins.

Þá er ráðuneytið með samning við Alþjóðlegu fólksflutningastofnunina (IOM) og býðst einstaklingum sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar aðstoð frá IOM, í sérstökum tilvikum, við að koma til Íslands.

Aðstoð stjórnvalda sem einstaklingum, sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar, getur staðið til boða í tengslum við komu til landsins hefur verið óbreytt um langt árabil.

Umfram það sem að framan er rakið liggja ekki fyrir í ráðuneytinu upplýsingar um hvernig hefur verið háttáð aðstoð stjórnvalda við einstaklinga, sem fengið hafa samþykktu umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar, við komu til landsins sl. tíu ár.

2. *Hversu margir þeirra sem fengið hafa samþykktu umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar hafa nýtt sér aðstoð við að komast hingað til lands sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

Í ráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um hve margir þeirra einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar á sl. tíu árum hafa nýtt sér aðstoð stjórnvalda við komu til landsins.

3. *Eiga einstaklingar, sem fengið hafa samþykktu umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar en nýta sér ekki aðstoð stjórnvalda við að komast hingað til lands, rétt á fjárhagslegum stuðningi eða styrk vegna kostnaðar sem til fellur vegna ferðalags hingað til lands?*

Sjá svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

4. *Hversu margir einstaklingar, sem fengið hafa samþykka umsókn um dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar, hafa fengið endurgreiddan ferðakostnað vegna ferðar frá heimaríki og hingað til lands sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?*

Í ráðuneytinu liggja ekki fyrir upplýsingar um hve margir þeirra einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar á sl. tíu árum hafa fengið endurgreiddan ferðakostnað vegna ferðar frá heimaríki hingað til lands.

5. *Hefur ráðuneytið, í samvinnu við utanríkisráðuneytið, haft milligöngu um að koma einstaklingum, sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli fjölskyldutengsla, yfir landamæri og út úr heimaríki sl. 10 ár?*

Ráðuneytið hefur ekki milligöngu um að koma einstaklingum, sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi á grundvelli fjölskyldusameiningar, yfir landamæri og út úr heimaríki. Ráðuneytið hefur aftur á móti á því tímabili sem spurt er um átt í samvinnu við utanríkisráðuneytið í tengslum við aðstoð þess ráðuneytis við einstaklinga, sem fengið hafa slík dvalarleyfi, yfir landamæri og út úr heimaríki.